

RÍKISENDURSKOÐUN

Reykjavík 20. febrúar 2024

202402-0022 JHJ/GBH

Alþingi, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um 35. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018 (mjög verðmæt gagnasett, EES-reglur o.fl.)

Ríkisendurskoðun barst þann 13. febrúar 2024 tölvupóstur þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Um er að ræða frumvarp sem lagt er fram af hálfu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra þar sem kveðið er á um breytingar á lögum nr. 45/2018.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissviði laganna verði breytt m.a. með því að fella brott núverandi 4. tölul. 4. mgr. 2. gr. laganna en í þeim tölulið í núgildandi lögum er kveðið á um að Alþingi og stofnanir þess (þ.m.t. Ríkisendurskoðun) séu undanþegin ákvæðum laga nr. 45/2018. Í greinargerð með frumvarpinu er þessi breyting rökstudd með þeim hætti að með lögum nr. 72/2019, um breytingu á upplýsingalögum, hafi gildissvið upplýsingalaga verið útvíkkað þannig að handhöfum löggjafar- og dómsvalds yrði að meginstefnu skylt að fylgja sömu efnisreglum og handhöfum framkvæmdavalds. Því þyki rétt að fella brott ákvæði sem undanskilji Alþingi og stofnanir þess frá ákvæðum laga um endurnot opinberra upplýsinga til að tryggja samræmi landsréttar og EES-réttar.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að líkt og skýrt kemur fram í 2. másl. 4. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 taka lögin **ekki** til Ríkisendurskoðunar og fer aðgangur að upplýsingum hjá embættinu eftir því sem fram kemur í lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings. Það er því ekki rétt sem fram kemur í greinargerð með framlögðu frumvarpi að breyting á gildissviði upplýsingalaga með lögum nr. 72/2019 hafi verið útvíkkað með þeim hætti að þau lög nái nú til Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun andmælir því þeirri breytingu sem lögð er til með 2. gr. frumvarpsins með vísan til framangreinds. Að öðru leyti tekur Ríkisendurskoðun undir umsögn skrifstofu Alþingis dags. 16. febrúar sl.

Að lokum vill Ríkisendurskoðun taka fram að ekki var haft samráð við embættið við vinnslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Björgvin Helgason
(rafræn undirritun)

Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir
(rafræn undirritun)